

## FUNDARGERÐ

### 141. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

**Fundarstaður:** Grunnskóli Mýrdalshrepps.

**Fundartími:** Þriðjudagur 5. júní 2007 kl. 17:00.

**Mættir:** Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum og sveitarstjórnarmönnum. Einnig er mætt Sædís Íva Elíasdóttir ráðgjafi.

**Ritari fundarins:** Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

**Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnáði.**

#### Gerðir fundarins:

Á fundinn eru mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri, Kolbrún Hjörleifsdóttir grunnskólastjóri, Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri, Hjördís Rut Jónsdóttir fulltrúi foreldraráðs grunnskólans og starfsmanna leikskólans, og Salome Valdimarsdóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna. Frá sveitarstjórn eru mætt aðal- og varafulltrúarnir Þórhildur Jónsdóttir, Elín Einarsdóttir og Victor Berg Guðmundsson auk Björgvins Jóhannessonar og Sveins Pálssonar. Karl Pálmason mætir kl. 18:00.

#### 1. Stefnunótun í skólamállum – kynning á verkefni.

Sædís Íva Elíasdóttir gerir grein fyrir niðurstöðum verkefnisins “Stefnunótun í skólamállum – samrekstur grunn- leik- og tónskóla” sem hún hefur unnið ásamt félögum sínum Rögnu S. Óskarsdóttur og Þórdísi Sigurðardóttur sem saman mynda í ráðgjafarfyrirtækið ÞRÍ.

Verkefnið er hluti af MBA námi þeirra við Háskóla Íslands og er unnið undir handleiðslu Runólfs Smára Steinþórssonar prófessors.

Niðurstaða verkefnisins er að hagkvæmt geti verið að sameina skólanna með einum yfirstjórnanda sem hefði sér til aðstoðar deildarstjóra fyrir hverja einingu. Yfirstjórnandinn bæri ábyrgð á rekstri stofnunarinnar en deildarstjórnarmenn gætu einbeitt sér að faglegu starfi. Fram kom í máli Ívu að kostnaðarhlíðin hefði ekki verið reiknuð út en það væri eðlilegt næsta skref ef vilji væri fyrir að skoða hugmyndina áfram.

Björgvin þakkar Ívu fyrir góða kynningu og þeim stöllum fyrir verkefnið sem unnið var Mýrdalshreppi að kostnaðarlausu.

Áheyrnarfulltrúar og sveitarstjórnarmenn yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl:18:15

---

Inger Schiöth

---

Björgvin Jóhannesson  
Formaður

---

Bergþóra Ástþórsdóttir

---

Guðný Sigurðardóttir

---

Sveinn Pálsson  
Sveitarstjóri

---

Andrína Guðrún  
Erlingsdóttir